

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 20. maí 2026

Mál nr. S-6821/2025:

Héraðssaksóknari

(Matthea Oddsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Arturas Leimontas

(Elisabet Pétursdóttir lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 22. apríl, var höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 20. nóvember 2025, á hendur Arturas Leimontas, [...], „fyrir kynferðislega áreitni og brot gegn barnaverndarlögum, með því að hafa að kvöldi laugardagsins 15. júní 2024 á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi, kysst A, kt. [...], á munninn og stungið fingrum upp í munn hennar þar sem hún lá með skerta meðvitund í sjúkrarúmi á gangi bráðamóttökunnar en með háttsemi sinni sýndi ákærði A ruddalegt og ósiðlegt athæfi.

Telst þetta varða við 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Fyrir hönd A, [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 2.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 15. júní 2024, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

- Ákærvaldið gerir sömu dómkröfur og í ákæru greinir. Hið sama á við um einkaréttarkröfu bótakrefjanda, hér eftir nefnd brotaþoli. Þá krefst hún hæfilegrar þóknunar til handa

skipuðum réttargæslumanni. Ákærði neitar sök og krefst aðallega sýknu af kröfum ákæruvaldsins en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar er lög leyfa og að refsing verði skilorðsbundin. Ákærði krefst einnig aðallega að einkaréttarkröfu verði vísað frá dómi en til vara að henni verði hafnað og til þrautavara að bætur verði lækkaðar. Þá gerir ákærði kröfu um að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun skipaðs verjanda.

Málavextir

3. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var óskað eftir lögregluaðstoð á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi að kvöldi laugardagsins 15. júní 2024 vegna meintrar kynferðislegrar áreitni er þar hefði átt sér stað. Í tilkynningu til lögreglu kom fram að ákærði hefði gefið stúlku í verulega annarlegu ástandi, sem reyndist vera brotaþoli þessa máls, óumbeðinn koss.
4. Lögreglumenn fóru á vettvang og hittu þar fyrir vitnið B hjúkrunarfræðing. Í frumskýrslu er eftir henni haft að brotaþoli hafi verið lögð inn á bráðamóttökuna nánast meðvitundarlaus. Er vitnið hafi verið að ganga fram hjá sjúkrarúmi brotaþola hafi hún séð hvar ákærði var í sleik við stúlkuna. Hafi þessi atvik gerst um klukkan 23:10 og hafi ákærði í kjölfar þeirra verið færður inn í aðstandendaherbergi.
5. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu ræddu lögreglumenn á vettvangi einnig við vitnið C, starfsmann [...] er var á vakt á bráðamóttökunni. Kvaðst hann hafa séð ákærða þar sem hann stóð yfir brotaþola og var að láta hana sleikja fingur hans. Að auki kvaðst vitnið hafa séð ákærða kyssa á hendur brotaþola. Hefði brotaþoli verið liggjandi allan tímann og með skerta meðvitund.
6. Samkvæmt frumskýrslunni ræddu lögreglumenn jafnframt við vitnið D sjúkraflutningamann sem kvaðst hafa séð ákærða bogra yfir brotaþola og strjúka höfuð hennar.
7. Í frumskýrslu lögreglu kemur enn fremur fram að skýrsluritari hafi séð brotaþola í sjúkrarúmi á gangi bráðamóttökunnar og hafi hún verið með skerta meðvitund.
8. Lögreglumenn ræddu við ákærða á vettvangi, í aðstandendaherbergi, og segir í frumskýrslu að hann hafi verið sjáanlega ölvaður og áfengislykt lagt frá vitum hans. Hafi hann sagt að brotaþoli hafi verið að biðja um aðstoð og hafi hann reynt að aðstoða hana með því að fá starfsmenn bráðamóttökunnar til að færa henni vatn. Hafi hann kysst á hendur hennar en einungis viljað hjálpa henni.

9. Í framburðarskýrslu brotaþola hjá lögreglu 20. júní 2024 kom fram að hún myndi lítið eftir laugardagskvöldinu 15. júní, en hún hefði farið með tveimur vinkonum sínum að borða á Hafnartorgi, drukkið þar nokkra drykki og orðið drukkin. Hún hefði síðar fengið upplýsingar um að hún og vinkonurnar hefðu síðan farið út og hún verið flutt með sjúkra-bíl á bráðamóttöku Landspítalans en hún muni ekkert eftir því. Það næsta sem hún muni eftir sér er þegar hún hafi vaknað í rúmi heima hjá móður sinni um klukkan 7:30 næsta morgun. Myndi hún ekki eftir neinu sem gerst hefði frá þeim tíma sem hún var á Hafnar-torgi og þar til hún vaknaði hjá móður sinni og ætti hún enga minningu um veru sína á bráðamóttökunni.
10. Í framburðarskýrslu fósturmóður brotaþola hjá lögreglu 20. júní 2024 kom fram að hún hefði fengið símtal að kvöldi 15. júní frá móður vinkonu brotaþola, sem hefði upplýst hana um að brotaþoli hefði verið flutt með sjúkrahíl á bráðamóttöku Landspítalans þar sem hún væri ofurölvi og meðvitundarlaus. Kvaðst fósturmóðirin þá hafa farið á bráða-móttökuna þar sem hún hefði hitt brotaþola, sem hefði verið illa áttuð, óróleg, óskýr í tali og ekki vitað hvar hún var. Á bráðamóttökunni hefði fósturmóðirin fengið þær upplýs-ingar frá hjúkrunarfræðingi að maður hefði þar farið í sleik við brotaþola og að lögregla hefði verið kölluð til.
11. Í framburðarskýrslu vitnisins B hjúkrunarfræðings hjá lögreglu 19. júní 2024 kom fram að þegar hún hefði verið við vinnu á bráðamóttöku Landspítalans laugardagskvöldið 15. júní 2024 hefði hún séð hvar ákærði stóð og bograði yfir brotaþola. Hefði hann verið drukkin, í eigin klæðnaði og haft á orði að brotaþoli þyrfti að fá vatn. Kvaðst vitnið ekki hafa spáð sérstaklega í þetta, heldur farið í býtibúr þar sem hún hefði verið í 30–60 sekúndur en síðan farið til baka með vatn. Þá hefði hún komið að ákærða þar sem hann var með aðra höndina á kinn brotaþola og að kyssa hana beint á munninn en brotaþoli hefði legið í rúminu hreyfingarlaus. Á sama tíma hefði öryggisvörður komið að og séð hvað um var að vera. Sagði vitnið að sér hefði verið mjög brugðið er hún sá að ákærði var að kyssa brotaþola en tók jafnframt fram að í fyrstu hefði hún talið að ákærði væri aðstandandi brotaþola en ekki sjúklingur.
12. Í framburðarskýrslu vitnisins C öryggisvarðar hjá lögreglu 20. júní 2024 kom fram að þegar hann hefði verið við vinnu á bráðamóttöku Landspítalans um klukkan 23:30 laugardagskvöldið 15. júní hefði sjúkraflutningamaður komið til hans og sagt honum að „gruggugur“ maður væri að tala við sjúklinga á göngum sjúkrahússins. Kvaðst vitnið hafa strax farið að athuga hvað væri um að vera og þá séð hvar maður stóð yfir konu í

sjúkrarúmi og hafi hann haft fingur sína í munni hennar, líkt og hún væri að sleikja á honum fingurna. Sagðist vitnið í fyrstu hafa talið að maðurinn væri faðir konunnar en síðan áttað sig á því að hann væri sjúklingur. Kvaðst vitnið hafa dregið manninn strax burt frá konunni en þau hefðu bæði verið mjög drukkin. Þá sagðist vitnið hafi heyrt að einhver hjúkrunarfræðingur hefði komið að manninum þar sem hann hefði verið að kyssa stúlkuna.

13. Í framburðarskýrslu vitnisins E sjúkraliða hjá lögreglu 21. júní 2024 kom fram að [...] ára gömul stúlka hefði komið á bráðamóttökuna milli klukkan 22 og 23 laugardagskvöldið 15. júní 2024. Hefði stúlkan verið blindfull og erfitt hefði verið að skilja hana. Fljótlega eftir komu hefði stúlkan þurft að fara á salerni. Hefði vitnið ásamt öðrum starfsmanni fengið það verkefni að aðstoða stúlkuna við það og hefði hún verið færð úr sjúkrarúmi í hjólastól og á salerni. Á bakleiðinni að rúmi stúlkunnar hefði stúlkan veifað einhverjum eldri manni, sem hefði gripið í hönd hennar og kysst höndina.
14. Í framburðarskýrslu vitnisins D sjúkraflutningamanns hjá lögreglu 21. júní 2024 kom fram að er hann hefði verið að koma með sjúkling á bráðamóttökuna laugardagskvöldið 15. júní 2024 hefði hann séð hvar ákærði stóð yfir stúlku og strauk henni um hárið, þar sem hún lá í rúmi. Kvaðst vitnið hafa látið öryggisvörð á bráðamóttökunni vita að ákærði væri ofan í skjólstæðingum sjúkrahússins.
15. Í framburðarskýrslu vitnisins F hjúkrunarfræðings hjá lögreglu, sem gefin var í gegnum síma 21. júní 2024, kom fram að vitnið hefði laugardagskvöldið 15. júní 2024 haft það hlutverk með höndum á bráðamóttökunni að sinna brotaþola. Kvaðst vitnið hafa farið til brotaþola sem hefði verið verulega drukkin, ekki haft hugmynd um hvar hún væri og ekki sagt neitt vitrænt. Grunur hefði verið uppi um að brotaþoli væri haldin áfengiseitrun og því verið tekin úr henni blóðprufa, sem leitt hefði í ljós að svo væri ekki. Í kjölfar þess að hafa tekið blóðprufu af brotaþola hefði vitnið farið inn í fjarskiptaherbergi og er hún hefði verið þar hefði hún fengið upplýsingar frá sjúkraliða um að ákærði hefði kysst hönd brotaþola. Síðan hefði vitnið B komið til vitnisins og sagt frá því að hún hefði séð ákærða kyssa brotaþola á munninn.
16. Í framburðarskýrslu vitnisins G hjúkrunarnema hjá lögreglu 21. júní 2024 kom fram að vitnið hefði, ásamt vitninu E, tekið á móti brotaþola sem komið hefði inn, sökum ölvunar, í fylgd sjúkraflutningamanna og legið á sjúkrabörum. Hefði brotaþoli verið mjög drukkin, illa skilist það sem hún sagði og hún varla staðið í fæturna. Brotaþoli hefði farið af börnunum á salernið. Hefði vitnið ásamt E aðstoðað brotaþola af salerninu í hjólastól

og ekið henni að rúmi á ganginum. Þegar þær hefðu ýtt hjólastólnum fram hjá manni sem var í öðru rúmi hefði brotapolí teygt sig í áttina til hans og maðurinn, sem einnig hefði verið ölvaður, tekið í hægri hönd hennar og kysst hana á handarbakið. Vitnið og E hefðu síðan aðstoðað brotapolá í rúmið og að því loknu farið á fund klukkan 23:00. Þegar vitnið hefði komið af þeim fundi hefði hún séð hvar verið var að vísa manningum frá brotapolá.

17. Í framburðarskýrslu vitnisins H, bráðahjúkrunarfræðings og vaktstjóra á bráðamóttöku Landspítalans, hjá lögreglu 25. júní 2024 kom fram að hún hefði verið að vinna laugardagskvöldið 15. júní og hefði lögregla þá komið með ákærða á bráðamóttökuna og hann verið ofurölvi. Hefði hann verið lagður inn og vitnið látið færa hann á gang 2. Einhverju seinna hefði brotapolí komið með sjúkrabifreið. Hefði hún verið ofurölvi og talað samhengislaust. Um leið og ró hefði myndast í kringum brotapolá hefði hún sofnað í rúminu og vitnið látið færa hana á gang 3. Einhverju seinna hefði starfsmaður bráðamóttökunnar, trúlega sjúkraliði, sagt vitninu að ákærði væri að „vesenast“ eitthvað í brotapolá. Kvaðst vitnið þá hafa farið til ákærða, rætt við hann og sagt honum að hann ætti ekki að trufla aðra sjúklinga. Seinna hefði vitnið B komið til vitnisins og sagt að hún hefði séð ákærða kyssa brotapolá beint á munninn. Hefði vitnið þá strax farið til ákærða og látið færa hann í aðstandendaherbergi og fengið öryggisvörð til að vakta hann. Í kjölfar þessa sagðist vitnið hafa hringt í lögreglu.
18. Ákærði var handtekinn á vettvangi og fluttur á lögreglustöð þar sem hann var vistaður í fangaklefa. Í framburðarskýrslu hans hjá lögreglu sem tekin var að morgni sunnudagsins 16. júní 2024 kom fram að er hann hefði verið á bráðamóttöku Landspítalans kvöldið áður, hefði hann setið á rúmi, sem var á ganginum, og í næsta rúmi við hliðina á hans hefði verið kona. Hann hefði farið til að reykja og þá heyrt konuna biðja um vatn, hefði hann þá stöðvað einhverja hjúkrunarkonu og sagt að konan vildi fá vatn. Meðan beðið var eftir vatninu hafi hann róað konuna niður, tekið í hönd hennar og kysst hana, auk þess sem hann hefði kysst konuna á ennið. Það hefði verið svolítill bið eftir vatninu og hann því farið að sækja vatn og jafnframt út að reykja. Þegar hann hefði komið aftur til baka hefði konan ekki verið í rúminu heldur maður kominn þar í staðinn.
19. Borin var undir ákærða frásögn hjúkrunarfræðings um að brotapolí hefði verið nánast meðvitundarlaus. Ákærði hafnaði því að ástand hennar hefði verið með þeim hætti og tók fram að hún hefði verið með meðvitund og að biðja um vatn. Bornar voru undir ákærða frásagnir starfsmanna á bráðamóttökunni þess efnis að hann hefði verið í sleik við stúlkuna og að hann hefði látið hana sleikja á honum fingurna. Neitaði ákærði hvoru

tveggja. Kvaðst hann þess í stað hafa kysst hana á ennið og hendurnar. Þá var borin undir ákærða frásögn sjúkraflutningamanns um að ákærði hefði bograð yfir brotaþola og strokið henni um höfuðið og endurtók ákærði þá að hann hefði kysst hana á hendurnar og síðan á ennið. Hefði það staðið í um eina mínútu og hann síðan farið út að reykja.

20. Samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglumanns óskaði lögregla 20. júní 2024 eftir myndskaiðum úr eftirlitsmyndavélum á bráðamóttökunni frá þeim tíma er atvik málsins áttu sér stað og var þá af hálfu Landspítala lofað að taka til umbeðin myndskaið. Lögregla ítrekaði beiðni sína 26. júní og aftur 3. september 2024 og var þá upplýst að misfarist hefði að finna umbeðin myndskaið og að myndskaið frá því í júní 2024 væru ekki lengur til.

Skýrslur fyrir dómi

21. Í framburði ákærða kom m.a. fram að hann hefði umrætt kvöld, 15. júní 2024, verið fluttur með sjúkrabíl á bráðamóttöku Landspítalans vegna vandamála er tengdust [...]. Þar hefði hann fengið lyf og síðan beðið í rúmi á ganginum, sitjandi. Í næsta rúmi við hann hefði verið stúlka sem hefði kallað á hjálp. Hún hefði ekki kallað hátt og hann farið nær henni og heyrt að hún var að biðja um vatn. Starfsmaður hefði gengið fram hjá og ákærði beðið hann um að koma með vatn fyrir stúlkuna. Meðan beðið hefði verið eftir vatninu hefði hann tekið í hönd stúlkunnar og reynt að róa hana niður en þegar enginn hefði komið með vatn handa henni hefði hann sjálfur farið til að sækja vatn en ekki fundið. Eftir það hefði hann ekki haft frekari afskipti af stúlkunni.
22. Ákærði lýsti því nánar að hann hefði tekið í hönd stúlkunnar, kysst hönd hennar og strokið henni um höfuðið. Það hefði hann gert til að róa stúlkuna niður. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa kysst stúlkuna annars staðar en á höndina. Aðspurður hvernig stúlkan hefði brugðist við kvað hann hana ekki hafa sýnt nein viðbrögð. Aðspurður hvort hún hefði getað sýnt viðbrögð sagði ákærði hana hafa horft á sig en ekki sagt neitt. Hefði honum liðið eins og hann væri faðir hennar og viljað veita henni aðstoð. Ákærði neitaði að hafa kysst brotaþola á munninn og að hafa sett fingur sína í munn hennar. Enginn hefði komið og skipt sér af þegar hann hefði verið að veita stúlkunni aðstoð.
23. Ákærði sagði að rödd stúlkunnar hefði hljómað eins og hjá ungri stúlku en hann hefði ekki vitað hver aldur hennar væri. Hún hefði ekki litið út eins og smábarn eða lítið barn og kvaðst hann halda að hún hefði litið út fyrir að vera orðin 18 ára gömul. Ákærði tók

fram að aldur og kyn brotaþola hefði engu máli skipt, viðbrögð hans hefðu alltaf verið þau sömu.

24. Borinn var undir ákærða framburður hans hjá lögreglu um að hann hefði hvort tveggja kysst stúlkuna á hönd og enni. Kvað hann þá að verið gæti að hann hefði einnig kysst hana á ennið en einungis til að róa hana niður. Jafnframt var borinn undir ákærða framburður vitnisins B hjá lögreglu um að ákærði hefði kysst brotaþola á munninn og framburður vitnisins C hjá lögreglu þess efnis að ákærði hefði haft fingur í munn brotaþola. Neitaði ákærði hvorutveggja.
25. Brotaþoli kvaðst ekkert muna eftir veru sinni á bráðamóttöku Landspítalans að kvöldi 15. júní 2024 og sagðist enga minningu eiga um atvik þau sem málið varðar. Fósturmóðir hennar hefði sagt henni frá atvikum nokkrum dögum síðar en þá hefði staðið til að brotaþoli færi í skýrslutöku hjá lögreglu. Brotaþoli greindi frá því að eftir atvikið hefði henni liðið ömurlega, fundist allt fara niður á við og átt mjög erfitt með að vera ein. Hún greindi frá því að hún hefði leitað upplýsinga um ákærða á netinu og því þekkt hann í sjón er hún hefði séð hann eitt sinn. Hefði hún þá fengið kvíðakast og lamast af ótta við að sjá hann.
26. Vitnið, I, fósturmóðir brotaþola, greindi frá því að hringt hefði verið í sig umrætt kvöld og hún látin vita af því að brotaþoli væri á bráðamóttökunni, mjög ölvuð, auk þess sem hún hefði fengið höfuðhögg. Kvaðst vitnið hafa hraðað sér á bráðamóttökuna þar sem hún hefði hitt brotaþola sem hefði verið mjög óróleg og illa áttuð. Nánar lýsti hún því að brotaþoli hefði legið í rúmi með grindurnar uppi og endurtekið sig í sífellu og ekki meðtekið það sem sagt var við hana, hefði hún sýnilega verið undir áhrifum og ekki liðið vel. Vitnið sagði að á bráðamóttökunni hefði hún verið upplýst um að einhver maður hefði kysst brotaþola og hefði því verið lýst með þeim hætti að maðurinn hefði sett tungu upp í brotaþola. Vitnið kvaðst í framhaldi þessara atvika hafa haft samband við barnavernd og í samráði við barnavernd rætt atvikið við brotaþola. Hefði brotaþola verið mjög brugðið og atvik þessi reynst henni mjög erfið upplifun. Merkjanlegar og skýrar breytingar hefðu orðið á líðan hennar eftir þetta. Mikið óróleikatímabil hefði tekið við, m.a. með einbeitingarskorti í skóla.
27. Vitnið, B, hjúkrunarfræðingur á bráðamóttöku Landspítala, gaf skýrslu í gegnum fjarfundabúnað og tók í upphafi skýrslugjafar sinnar fram að hún myndi ekki alla atburðarás málsins. Kvað hún atvik hafa átt sér stað í lok kvöldvaktar og hefði hún gengið frá starfsstöð B á starfsstöð A og orðið vitni að einkennilegri hegðun á gangi bráðamóttökunnar. Sagði vitnið að hana minnti að karlmaður hefði staðið yfir stúlku sem hefði legið á bekk og hefði hún í fyrstu ekki áttað sig á því að sá er stóð hefði einnig verið skjólstæðingur því hann

hefði verið í eigin klæðnaði. Af þeim sökum hefði hún ekki brugðist strax við en vegna undarlegrar hegðunar hefði hún farið til vaktstjóra og spurt hvað væri í gangi. Þá hefði komið í ljós að um væri að ræða tvo skjólstæðinga. Aðspurð hvað hún hefði séð sagði vitnið að hún myndi ekki nákvæmlega hvað hún hefði séð en henni hafi fundist maðurinn vera alveg með andlitið ofan í andliti stúlkunnar, eins og þau væru að kyssast. Hún hafi séð andlitin hlið við hlið en ekki nákvæmlega hvað gerðist og gæti hún ekki sagt til um hvort munnur hefði verið við munn. Það sem vakið hefði athygli hennar hefði verið óeðlilega mikil nánd milli mannsins og stúlkunnar á gangi bráðamóttökunnar. Vísaði hún síðan til vitnisburðar er hún hefði gefið hjá lögreglu í júní 2024 og tók fram að hann væri líklega mun skýrari en það sem hún gæti borið um nú.

28. Aðspurð kvaðst vitnið hafa munað atvik betur er hún gaf skýrslu hjá lögreglu og staðfesti að hún hefði við þá skýrslugjöf skýrt satt og rétt frá eftir sinni bestu vitund. Borinn var undir vitnið framburður hennar hjá lögreglu og kannaðist hún við að hafa verið á leið í býtibúrið og að maðurinn hefði staðið og bograð yfir stúlkunni og verið í eigin fötum. Hún kvaðst á hinn bóginn hvorki muna eftir að maðurinn hefði talað um að stúlkan þyrfti vatn né að hún hefði komið með vatn fyrir stúlkuna. Þá kvaðst hún heldur ekki muna eftir því að maðurinn hefði haft hönd á kinn stúlkunnar og verið að kyssa hana beint á munninn.
29. Vitnið, C, öryggisvörður [...] á bráðamóttöku Landspítalans, skýrði frá því að hann hefði verið á næturvakt og verið að koma út af kaffistofu þegar hann hefði séð mann standa yfir stúlku og hefði hann í fyrstu haldið að maðurinn væri faðir stúlkunnar. Síðan hefði hann séð að maðurinn var eitthvað að fikta í höndum stúlkunnar og með fingur í munni hennar. Væri honum það eftirminnilegast að maðurinn hefði verið með fingur í munni stúlkunnar. Vitnið kvaðst hafa látið hjúkrunarfræðing vita af þessum atvikum og í framhaldinu hefði hann farið með manninn afsíðis inn í aðstandendaherbergi og beðið með honum þar til lögregla kom á vettvang. Kvaðst vitnið vera þess fullviss að maðurinn hefði verið með fingur í munni stúlkunnar og hefði maðurinn látið af þeirri háttsemi sem leið og vitnið kom þar að.
30. Vitnið lýsti því að maðurinn hefði verið ölvaður, eins og að hann væri ekki viðstaddur og áttaði sig ekki á hvað hann væri að gera, ruglaður en engu að síður viðræðuhæfur. Stúlkan hefði verið mjög ölvuð og legið í rúminu. Hún hefði haldið í hönd mannsins en vitnið upplifað að hún vissi ekki hvað hún væri að gera. Á einhverjum tímapunkti hefði stúlkan gengið að aðstandendaherberginu og stutt sig við vegg. Hefði hún þá verið að leita að móður sinni, sem hefði verið að ræða við lækni. Kvaðst vitnið þá hafa fengið aðstoðarmann til að aðstoða stúlkuna aftur í rúmið.

31. Sérstaklega aðspurður kvaðst vitnið ekki hafa orðið vitni að því að maðurinn hefði kysst stúlkuna. Kvaðst hann á hinn bóginn muna eftir að aðrir starfsmenn hefðu sagst hafa séð manninn og stúlkuna að kyssast. Lýsti vitnið aðstæðum sem ógeðslegum og hefði atvikið verið sjokkerandi.
32. Vitnið kannaðist nánar aðspurður við þann framburð sinn hjá lögreglu að maður hefði staðið yfir konu og hefði hann verið með fingur uppi í munni hennar líkt og hún væri að sleikja á honum fingurna. Lýsti vitnið því að viðbragð stúlkunnar við því að hafa fingurna í munni væri eins og hún vissi ekki hvað hún væri að gera.
33. Vitið, D sem starfaði sem sjúkraflutningamaður í júní 2024, lýsti því að er hann hefði komið með skjólstæðing á bráðamóttökuna umrætt kvöld hefði hann séð ákærða bogra yfir einstaklingi sem lá í rúmi og hefði ákærði verið að strjúka hár viðkomandi. Kvaðst vitnið hafa látið öryggisvörð á bráðamóttökunni vita af þessari háttsemi ákærða.
34. Vitnið, E er starfaði sem sjúkraliði á bráðamóttöku Landspítala í júní 2024, greindi frá því að hún hefði fengið það verkefni að taka á móti brotaþola, sem komið hefði á bráðamóttökuna mjög ölvuð og eiginlega meðvitundarskert. Ákærði hefði strax veitt brotaþola athygli og verið mikið að spá í hana. Brotaþoli hefði verið lögð á bekk nálægt ákærða og kvaðst vitnið hafa tekið hjá henni lífsmörk en síðan hefði hjúkrunarfræðingur tekið hjá henni blóðprufu. Vitnið kvaðst hafa verið beðin um að fara með brotaþola á salernið, sem vegna ástands síns hefði ekki getað gengið og því hefðu tveir starfsmenn aðstoðað hana við að fara á salernið í hjólastól. Brotaþoli hefði ekki verið alveg áttuð og ekki beint vakandi en með aðstoð hafi hún getað komist í hjólastól og á salernið. Á leiðinni til baka af salerninu hefði þurft að stoppa við bekkinn sem ákærði var á og hefði ákærði þá sagt hæ við brotaþola sem hefði sagt til hæ til baka og veifað til hans og hefði ákærði þá tekið í hönd hennar og kysst hana nokkra kossa frá handarbaki og upp handlegginn. Kvaðst vitnið hafa sagt ákærða að hætta þessu. Eftir að brotaþoli hefði verið komin aftur á bekkinn hefði vitnið farið að sinna öðrum verkefnum en stuttu síðar séð ákærða standa við bekk brotaþola og beygja sig yfir hana. Sagðist vitnið hafa byrjað að ganga í áttina til þeirra en vaktstjóri þá komið þar að og haft afskipti af ákærða. Vitnið lýsti því að ástand brotaþola hefði verið með þeim hætti að hún hefði hvorki vitað hvað væri að gerast né hvað sagt væri við hana. Hefði hún ekki getað gefið samþykki fyrir neinu. Ákærði hefði verið ölvuður og viðhaft perralegt tal við kvenkyns starfsfólk bráðamóttökunnar.

35. Vitnið, G sem starfaði sem hjúkrunarnemi í sjúkraliðastöðu á bráðamóttöku Landspítala í júní 2024, greindi frá því að hún hefði séð brotþola koma inn á bráðamóttökuna. Hefði brotþoli verið drukkin og komið inn í hjólastól. Þegar hún hefði verið keyrð fram hjá bekk ákærða hefðu þau heilsast og hann kysst á handarbak hennar. Nánar aðspurð lýsti vitnið því að brotþoli hefði lyft hendinni í átt að ákærða þegar þau heilsuðust og hann þá kysst hana á handarbakið. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vitni að öðrum atvikum milli ákærða og brotþoli en hún hefði á hinn bóginn séð ákærða, hjúkrunarfræðing og öryggisvörð vera við bekk brotþola.
36. Borinn var undir vitnið framburður hennar hjá lögreglu. Kvaðst hún hafa munað atvik betur er hún gaf skýrslu þar og hefði skýrt satt og rétt frá. Vitnið kvaðst hvorki muna eftir því að hafa tekið á móti brotþola umrætt kvöld né að hafa aðstoðað hana við að fara á salernið. Á hinn bóginn sagðist vitnið muna eftir að brotþoli hefði verið drukkin og þurft aðstoð við að komast upp á bekkinn.
37. Vitnið, F hjúkrunarfræðingur, skýrði frá því að brotþoli hefði verið hennar sjúklingur umrætt kvöld. Brotþoli hefði verið með einhverja rænu, en takmarkaða, og hefði þurft að veita henni aðstoð við að fara á salerni en síðan hefði henni verið komið fyrir á bekk á ganginum. Brotþoli hefði verið ofurölvi en reynst vera undir eitrunarmörkum. Hún hefði sofnað í miðjum setningum og kallað vitnið mömmu. Vitnið kvaðst hafa boðið brotþola vatn og náð í vatn fyrir hana. Minnti hana að hún hefði sett vatnið við hlið brotþola, sem ekki hefði haft rænu til að drekka vatnið. Vitnið sagðist ekki muna vel eftir ástandi ákærða en sagði hann hafa setið á bekknum er hann hafði í stað þess að liggja á honum.
38. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vitni að atvikum málsins. Vinkona hennar, vitnið B, hefði látið hana vita af því sem gerst hefði, því brotþoli hefði verið sjúklingur vitnisins. Minnti vitnið að B hefði lýst því að ákærði hefði verið yfir bekk brotþola og þau verið í hörkusleik.
39. Vitnið, H, bráðahjúkrunarfræðingur og vaktstjóri á bráðamóttöku Landspítalans umrætt kvöld, skýrði frá því að starfsmaður hefði komið til hennar og greint frá því að ákærði hefði farið í sleik við brotþola á gangi bráðamóttökunnar. Greindi vitnið frá því að bæði ákærði og brotþoli hefðu komið á bráðamóttökuna með sjúkrabíl og þau verið sett á bekki sem voru hlið við hlið. Ákærði hefði verið ölvaður en vakandi og talandi og hefði verið óljóst hver væri ástæða komu hans. Brotþoli hefði á hinn bóginn verið mjög meðvitundarskert, ofurölvi og bara umlað. Í kjölfar þess að hafa fengið upplýsingar um að ákærði hefði verið að kyssa brotþola kvaðst vitnið hafa tekið ákvörðun um að færa ákærða frá brotþola og hann verið færður inn í aðstandendaerbergi. Nánar aðspurð um

annað mögulegt athæfi ákærða gagnvart brotaþola lýsti vitnið því að annar starfsmaður hefði sama kvöld sagt henni frá því að þegar brotaþola hefði verið rúllað fram hjá bekk ákærða hefði hann tekið í hönd hennar og kysst hana. Aðspurð kvaðst vitnið ekki muna hvaða starfsmenn það hefðu verið sem upplýst hefðu hana um þessi tvö atvik.

40. Vitnið lýsti því jafnframt að hún hefði á einum tímapunkti séð ákærða standa yfir brotaþola en hún þá ekki áttað sig á því að það væri ákærði heldur talið að viðkomandi væri faðir brotaþola. Hefði ákærði þá bogað yfir brotaþola eins og hann væri að tala við hana.
41. Aðspurð kvaðst vitnið mögulega hafa munað það betur er hún gaf skýrslu hjá lögreglu hverjir hefðu sagt henni frá atvikum umrætt kvöld. Borinn var undir vitnið framburður hennar hjá lögreglu um að starfsmaður á bráðamóttöku, trúlega sjúkraliði, hefði greint henni frá því að ákærði hefði verið að vesenast eitthvað í brotaþola og hefði hún þá farið og talað við ákærða og sagt honum að hann mætti ekki trufla aðra sjúklinga. Kvaðst vitnið ráma í það. Einnig var borinn undir vitnið sá framburður hennar hjá lögreglu að seinna hefði B hjúkrunarfræðingur komið til hennar og sagt frá því að hún hefði séð ákærða kyssa brotaþola beint á munninn. Kannaðist vitnið við að þá hefði það verið B sem hefði komið og sagt henni frá því. Ljóst hefði verið af frásögninni að atvikið hefði ekki verið eitthvað smávægilegt og sú sem sagði frá atvikinu hefði verið sjokkeruð.
42. Lögreglumaður nr. K gaf skýrslu fyrir dómi og staðfesti efni frumskýrslu málsins. Einnig gaf rannsóknarlögreglumaður nr. L skýrslu fyrir dómi um atriði er lutu að rannsókn málsins. Ekki eru efni til reifunar á framburði þeirra.

Niðurstaða

43. Ákærða er í ákæru málsins gefin að sök kynferðisleg áreitni gagnvart brotaþola með því að hafa á þeim tíma og stað sem þar greinir kysst brotaþola á munninn og stungið fingrum í munn hennar, þar sem brotaþoli lá með skerta meðvitund í sjúkrarúmi, og með háttsemi sinni sýnt brotaþola ruddalegt og ósiðlegt athæfi. Er háttsemin í ákæru talin varða við 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
44. Ákærði neitar sök. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála gildir sú grundvallarregla almennt að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Samkvæmt 108. gr. sömu laga hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákæruvaldinu og verður hann því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum

rökum, teljist fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. téðra laga. Þá metur dómurinn hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. sömu laga-greinar.

45. Samkvæmt 115. gr. laga nr. 88/2008 metur dómari sönnunargildi framburðar ákærða fyrir dómi, þar á meðal trúverðugleika hans, við úrlausn máls. Samkvæmt ákvæðinu skal í því sambandi m.a. huga að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn hans. Samkvæmt 126. gr. sömu laga metur dómari enn fremur sönnunargildi vitnisburðar við úrlausn máls og skal í því sambandi m.a. huga að afstöðu vitnis til ákærða og eftir atvikum brotþola og hagsmunum þess af málsúrslitum og fleiri atriðum sem talin eru upp ákvæðinu. Ber þannig við úrlausn málsins að leggja mat á innra samræmi framburðar ákærða og vitna, bæði fyrir dómi og hjá lögreglu, með tilliti til þess hvort mótsagna gæti í frásögn, auk þess sem leggja þarf mat á ytra samræmi framburðar í ljósi annarra sönnunargagna.
46. Eins og að framan er lýst hefur ákærði neitað því hvort tveggja að hafa kysst brotþola á munninn og að hafa sett fingur í munn hennar, eins og honum er gefið að sök í ákæru. Ákærði kannast á hinn bóginn við að hafa farið að sjúkrarúmi þar sem brotþoli lá og kveðst hafa viljað aðstoða hana enda hafi hún kallað á hjálp og beðið um vatn. Lýsti ákærði því að hann hefði beðið starfsmenn um að koma með vatn handa brotþola en sjálfur hefði hann staðið við rúm hennar, haldið í hönd hennar og kysst höndina, auk þess sem hann hefði strokið um höfuð brotþola. Kvaðst ákærði hafa gert það í þeim tilgangi að aðstoða brotþola og róa hana. Hefði hann síðan sjálfur farið að leita að vatni fyrir brotþola en án árangurs og ekki haft frekari afskipti af henni eftir það. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa kysst brotþola annars staðar en á höndina en er borinn var undir hann framburður hans hjá lögreglu þess efnis að hann hefði einnig kysst hana á ennið sagði ákærði að það gæti hafa verið en þá aðeins til að róa hana. Brotþoli hefði við þessar aðstæður ekki sýnt nein viðbrögð, hún hefði horft á hann en ekki sagt neitt og enginn hefði haft afskipti af honum meðan hann veitti brotþola aðstoð. Ákærði talaði um brotþola sem unga stúlku en hann kvaðst ekki hafa vitað hver aldur hennar væri.
47. Af þeim upplýsingum sem fram hafa komið í framburði vitna og lýst er að framan telst að mati dómsins fullsannað að brotþoli hafi verið mjög ölvuð er hún kom á bráðamót-töku Landspítalans umrætt kvöld og með takmarkaða rænu. Þykir því mjög trúverðugur

sá framburður hennar að hún eigi enga minningu um dvöl sína þar og geti því ekki borið um háttsemi ákærða í hennar garð.

48. Vitni þau sem gáfu skýrslu fyrir dómi og lýstu atvikum sem þau hefðu séð og upplifað á bráðamóttökunni umrætt kvöld eiga það öll sameiginlegt að hafa verið þar að sinna störfum sínum og hafa þau engar persónulegar tengingar við ákærða eða brotþola en þar að auki liggur fyrir að ákærði og brotþoli þekkjast ekki.
49. Af framburði vitna verður skýrlega ráðið að ákærði hafi veitt brotþola athygli og gert sér far um að vera í kringum hana þar sem hún lá með skerta rænu á bekk á gangi bráðamóttöku Landspítalans. Þannig bar t.a.m. vitnið D sjúkraflutningamaður um að hann hefði séð ákærða bogra yfir brotþola og strjúka hár hennar. Vitnin E og G sjúkraliðar báru um að þær hefðu séð ákærða kyssa á hönd brotþola er henni var ekið í hjólastól fram hjá honum. Einnig kvaðst E hafa séð ákærða standa við bekk brotþola og beygja sig yfir hana og hefði vaktstjóri bráðamóttökunnar þá haft afskipti af honum en G kvaðst hafa séð ákærða, hjúkrunarfræðing og öryggisvörð standa við bekk brotþola. Enn fremur bar vitnið H, bráðahjúkrunarfræðingur og vaktstjóri á bráðamóttökunni, hvort tveggja um að hún hefði séð ákærða standa yfir brotþola án þess að hafa gert sér grein fyrir að hann væri þar á ferð heldur hefði hún þess í stað talið að um náinn aðstandanda brotþola væri að ræða. Að auki kannaðist hún við, þegar framburður hennar hjá lögreglu var borinn undir hana, að hún hefði farið og talað við ákærða og gert honum grein fyrir að hann mætti ekki trufla aðra sjúklinga. Þá bar vitnið B einnig um að hún hefði séð mann standa yfir brotþola og ekki áttað sig strax á að þar væri um skjólstæðing bráðamóttökunnar að ræða.
50. Þá bar vitnið, C, öryggisvörður [...] á bráðamóttöku Landspítalans, með staðföstum og einkar trúverðugum hætti að hann hefði séð ákærða þar sem hann stóð yfir brotþola, fíktaði í höndum hennar og var með fingur í munni hennar. Kvaðst hann fullviss um að ákærði hefði haft fingur í munni brotþola og sagði hann að það atvik væri honum eftirminnilegt. Vitnið staðfesti jafnframt framburð sinn hjá lögreglu þess efnis að það hefði verið líkt og brotþoli væri að sleikja fingur mannsins og lýsti vitnið því að það hefði verið eins og einhvers konar viðbragð brotþola við að hafa eitthvað í munnum án þess þó að hún vissi hvað hún væri að gera. Aðstæður hefðu verið ógeðfelldar en ákærði hefði látið af háttseminni er vitnið kom að honum og hefði vitnið í framhaldinu farið með ákærða afsíðis.
51. Vitnið B skýrði frá því að hún myndi atvik ekki vel og vísaði til skýrslugjafar sinnar hjá lögreglu. Bar hún að ákærði hefði bograð yfir brotþola og verið með andlitið alveg ofan í

andliti brotaþola, eins og þau væru að kyssast. Á hinn bóginn kvaðst vitnið í framburði sínum ekki geta sagt til um hvort munnur hefði verið við munn. Aðspurð sagðist vitnið hafa skýrt satt og rétt frá hjá lögreglu og eftir sinni bestu vitund en er borinn var undir hana framburður hennar hjá lögreglu þess efnis að ákærði hefði haft hönd á kinn brotaþola og verið að kyssa hana beint á muninn sagði vitnið að hún myndi ekki eftir því.

52. Fyrir liggur að vitnið B bar um það við skýrslugjöf hjá lögreglu 19. júní 2024, þ.e. fjórum dögum eftir að atvik málsins áttu sér stað, að hún hefði komið að ákærða þar sem hann var með aðra höndina á kinn brotaþola og að kyssa hana beint á munninn og hefði brotaþoli legið í rúminu hreyfingarlaus. Þá kemur jafnframt fram í frumskýrslu lögreglu, sem staðfest hefur verið fyrir dóminum, að lögreglumenn er fóru á vettvang beint í kjölfar atvika hafi þar hitt vitnið B og er í frumskýrslunni haft eftir henni að hún hafi séð ákærða vera í sleik við brotaþola. Kemur það jafnframt heim og saman við framburð vitnanna F og H. Bar vitnið F um að B hefði látið hana vita af atvikum, vegna þess að brotaþoli hafi verið skjólstæðingur vitnisins, og sagt að ákærði hefði verið yfir bekk brotaþola og þau í hörkusleik. H bar um að starfsmaður hefði skýrt henni, sem vaktstjóra, frá því að ákærði hefði farið í sleik við brotaþola. Mundi vitnið ekki í fyrstu hver starfsmaðurinn hefði verið en er borinn var undir vitnið framburður hennar hjá lögreglu staðfesti hún að það hefði verið vitnið B. Þá bar H um að þær lýsingar sem hún hefði fengið á upphafsstigum málsins hefðu ekki lotið að sakleysislegum kossi og minntist vitnið þess að sú sem hefði skýrt henni frá atvikunum hefði verið sjokkeruð.
53. Þegar framangreindur framburður ákærða og vitna er metinn heildstætt þykir ljóst að afskipti ákærða af brotaþola hafa verið mjög óviðeigandi og óeðlileg. Verður að mati dómsins að teljast ótrúverðug sú skýring ákærða að hann, sem var brotaþola algjörlega ókunnugur, hafi verið að aðstoða brotaþola umrætt sinn og róa hana þar sem hún lá með skerta rænu á bráðamóttöku Landspítalans og að hann hafi í þeim tilgangi haldið í hönd brotaþola, strokið höfuð hennar og kysst hana á hönd og enni. Verður að ætla að mun nær hefði verið að ákærði kallaði eftir aðstoð starfsfólks bráðamóttökunnar teldi hann brotaþola hafa þörf við aðstoð. Þá er sá framburður ákærða að enginn starfsmanna hafi haft afskipti af honum og hann sjálfviljugur farið frá brotaþola í ósamræmi við framburð vitna sem borið hafa um að vitnið H hafi beðið hann um að láta skjólstæðinga bráðamóttökunnar í friði, að ákærði, hjúkrunarfræðingur og öryggisvörður hafi verið samtímis við bekk brotaþola, að ákærði hafi látið af háttsemi er vitnið C hafi komið að

honum og að brugðist hafi verið við háttsemi ákærða með því að færa hann frá brotþola, kalla til lögreglu og halda honum afsíðis þar til lögregla kom á vettvang.

54. Þá er það mat dómsins að full efni séu til að leggja til grundvallar niðurstöðu í málinu staðfastan og trúverðugan framburð vitnisins C, er kvaðst vera þess fullviss að hann hefði séð ákærða þar sem hann stóð yfir brotþola og var með fingur í munni hennar og væri það atvik honum eftirminnilegt.
55. Þegar litið er til upplýsinga sem hafðar voru eftir vitninu B í frumskýrslu málsins, um að ákærði hafi kysst brotþola á munninn, þess að vitni hafa einnig borið um að hún hafi greint þeim frá með þeim hætti á vettvangi, og þegar horft er til þeirra viðbragða sem gripið var til á bráðamóttökunni í kjölfarið, þar sem efni þóttu til að færa ákærða frá brotþola, kalla til lögreglu og halda honum afsíðis þar til lögregla kom á vettvang, er það mat dómsins að leggja megi til grundvallar niðurstöðu dómsins framburð vitnisins hjá lögreglu um að hún hafi séð ákærða kyssa brotþola á munninn. Enn fremur að teknu tilliti til framburðar téðs vitnis hjá lögreglu skömmu eftir að atvik málsins áttu sér stað og þess að vitnið hafði frumkvæði að því við skýrslugjöf fyrir dómi að taka fram að hún myndi atvik ekki vel og vísaði til skýrslunnar sem hún gaf hjá lögreglu.
56. Að öllu framangreindu virtu þykir, gegn neitun ákærða, fram komin lögfull sönnun þess að ákærði hafi sýnt af sér þá háttsemi gagnvart brotþola sem greinir í ákæru málsins. Í þeirri háttsemi hans fólst kynferðisleg áreitni sem heimfærð verður undir ákvæði 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og enn fremur ruddalegt og ósiðlegt athæfi, sem heimfært verður undir ákvæði 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, enda er ljóst að brotþoli var [...] gömul er atvik málsins áttu sér stað og lýsti ákærði henni fyrir dómi sem ungri stúlku.

Ákvörðun refsingar

57. Ákærði er fæddur árið [...]. Samkvæmt sakavottorði, dags. 19. nóvember 2025, hefur ákærði gengist undir tvær lögreglustjórásáttir vegna umferðarlagabrota, annars vegar á árinu 2021 og hins vegar á árinu 2023. Þá hlaut hann dóm [...] 2025, einnig fyrir umferðarlagabrot, og skal honum því nú gerður hegningarauki við þann dóm.
58. Við ákvörðun refsingar ákærða er til þess að líta að brot hans beindist gegn barnungri stúlku er lá með skerta rænu í kjölfar áfengisneyslu á bráðamóttöku Landspítalans, þar sem henni skyldi veitt skjól og umönnun. Við þær aðstæður braut ákærði freklega gegn brotþola með

kynferðislegum hætti. Horfir framangreint ákærða, sem á sér engar málsbætur, til refsingingar.

59. Með hliðsjón af framangreindu og að teknu tilliti til 1., 3., 6. og 7. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í þrjá mánuði en rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. sömu laga.

Einkaréttarkrafa

Það leiðir af sakfellingu ákærða að hann verður jafnframt dæmdur til að greiða brotaþola miskabætur samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Að teknu tilliti til eðlis brots ákærða og dómvenju þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin 400.000 krónur, auk vaxta og dráttarvaxta, eins og nánar greinir í dómsorði. Upphafstími dráttarvaxta miðast 11. janúar 2026, en þann dag var liðinn mánuður frá því að bótakrafan var fyrst birt fyrir ákærða, við birtingu ákæru og fyrirkalls í málinu, 11. desember 2025.

Sakarkostnaður

60. Með hliðsjón af framangreindum málsúrslitum og með vísan til 1. mgr. 235. gr., sbr. 233. gr., laga nr. 88/2008 verður allur sakarkostnaður felldur á ákærða. Undir þann kostnað falla málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Elísabetar Pétursdóttur lögmanns, vegna vinnu fyrir dómi, ráðast þau af tímaskýrslu lögmannsins, 1.448.940 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, og þóknun til skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns, vegna vinnu á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem með hliðsjón af umfangi málsins þykir hæfilega ákveðin 530.100 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, auk þess sem felldur verður á ákærða útlagður kostnaður samkvæmt yfirliti ákæruvaldsins, 64.480 krónur, allt eins og greinir í dómsorði.
61. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Matthea Oddsdóttir aðstoðarsaksóknari.
62. Stefanía G. Sæmundsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Arturas Leimontas, sæti fangelsi í þrjá mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði A 400.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 15. júní 2024 til 11. janúar 2026, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði samtals 2.043.520 krónur í sakarkostnað til ríkissjóðs og eru þar innifalin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Elísabetar Pétursdóttur lögmans, 1.448.940 krónur og þóknun skipaðs réttargæslumans brotþola, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmans, 530.100 krónur.